

05

SAMFÉLAGSMARKMIÐ ALCOA FJARÐAÁLS 2020



Markmið	Heimsmarkmiðin (SDG)	GRI
Mannauður (heilsa og öryggi)		
Halda vinnufundi í anda Jafnréttisvísis Capacent með öllu starfsfólki til að ræða vinnustaðarmenningu	SDG 5 – Jafnrétti kynjanna	404-2, 404-3
Fram fari endurskoðun (Kaizen) á stjóriðjuskólanum til þess að námið nýttist bæði starfsmönnum og fyrirtækinu betur	SDG 17 – Samvinna	413-1
Ljúka fyrsta stigi þjálfunar starfsmanna á úttektarforritinu Forwood ¹ . Markmiðið er að 70 starfsmenn verði virkir úttektaraðilar í lok árs 2020.	SDG 3 – Góð heilsa	403, 4, 403-5, 403-6, 403-8
Að auka hlutdeild kvenna í nýráðningum	SDG 5 – Jafnrétti kynjanna	102-24, 401-1, 404-2, 405-1
Umhverfi		
Standast vottun gagnvart ASI staðli á árinu	SDG 13 – Loftslagsmál/ SDG 12 – Ábyrg neysla	Snertir alla flokka GRI: 100, 200, 300, 400
Skipta út díselknúnum lyfturum fyrir rafmagnslyftara	SDG 13 – Loftslagsmál	305-3, 305-3
Að HF losun á framleitt tonn verði undir 0,250 kg/t	SDG 13 – Loftslagsmál	305-4
Standast kröfur gagnvart ISO 50001 um orkunýtni	SDG 13 – Loftslagsmál/ SDG 12 – Ábyrg neysla	302-2, 302-3, 302-4
Samfélag		
Halda opinn íbúafund árið 2020 til að efla samskiptin við íbúa á svæðinu	SDG 17 – Samvinna	413-1, 102-43, 102-44
Hefja samstarf við fræðslufulltrúa nærliggjandi sveitarfélaga um verkefni sem stuðlar að bættri sjálfsmynd unglinga	SDG 17 – Samvinna / SDG 5 – Jafnrétti kynjanna	413-1, 203-2, 102-43
Efla stuðning við Austurbú um uppbyggingu Háskólaseturs á Austurlandi	SDG 17 – Samvinna	203-1, 102-43, 203-1, 203-2
Efnahagur/ virðisæðja		
Standast vottun á IATF:16949 gæðastaðli á árinu	SDG 8 – Góð atvinna og hagvöxtur	Snertir alla flokka GRI: 100, 200, 300, 400
Endurvinna innanhúss aukið magn af þekjuefni í kerskála	SDG 12 – Ábyrg neysla	306-3, 302-4, 305-1, 305-5
Vinnum í því að minnka aðföng sem koma með flugi og nýta meira skipasamgöngur til að draga úr kolefnisfótspori	SDG 13 – Loftslagsmál	305-5, 302-4, 102-9
Ná og viðhalda stöðugleika í rekstri og auka þannig framleiðslu á vörum frá Fjarðaáli um 10 þúsund tonn milli ára	SDG 8 – Góð atvinna og hagvöxtur	201-1

Árið 2020 mun Fjarðaál halda áfram að hafa öryggismál og öryggismenningu í í öndvegi. Starfsmenn munu vinna saman að því að skapa heilbrigða vinnustaðarmenningu og fjölskylduvænt starfsumhverfi. Verkefni um jafnréttisvísa eykur fjölbreytni í starfsmannahópi og stuðlar að auknu jafnrétti á vinnustaðnum. Stefnt er sjálfbærnivottun fyrir-tækisins (ASI) á árinu og áfram er unnið að því að nýta tækninýjungar til að leysa vandamál í framleiðslu, auka samskipti á milli fólks og bæta framleiðni.

Alcoa Fjarðaál og starfsfólk Alcoa vinna á hverjum degi eftir gildum fyrirtækisins sem eru:

**Heilindi
Árangur
Umhyggja**

¹Forwood mælir árangur í virkni mikilvægustu varnarlega starfsmanna við störf á framleiðslu - og viðhaldssvæðum.